

ÁKVÖRÐUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 135/2004

frá 24. september 2004

um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, með áorðnum breytingum samkvæmt bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir „samningurinn“, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) XX. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 113/2004 frá 9. júlí 2004 ⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/249/EB frá 11. mars 2004 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang ⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/279/EB frá 19. mars 2004 varðandi leiðbeiningar vegna framkvæmdar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/3/EB um óson í andrúmslofti ⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVÆÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

XX. viðauki við samninginn breytist sem hér segir:

1. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 32fa (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB):
„32fb. **32004 D 0249**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/249/EB frá 11. mars 2004 um spurningalista fyrir skýrslur aðildarríkjanna um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/96/EB um raf- og rafeindabúnaðarúrgang (Stjtíð. ESB L 78, 16.3.2004, bls. 56).“
2. Eftirfarandi liður bætist við á eftir lið 21ag (tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/3/EB):
„21ah. **32004 D 0279**: Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2004/279/EB frá 19. mars 2004 varðandi leiðbeiningar vegna framkvæmdar á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/3/EB um óson í andrúmslofti (Stjtíð. ESB L 87, 25.3.2004, bls. 50).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti ákvarðana 2004/249/EB og 2004/279/EB, sem verður birtur í *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

⁽¹⁾ Stjtíð. ESB L 376, 23.12.2004, bls. 51 og EES-viðbætur við Stjtíð. ESB nr. 65, 23.12.2004, bls. 34.

⁽²⁾ Stjtíð. ESB L 78, 16.3.2004, bls. 56.

⁽³⁾ Stjtíð. ESB L 87, 25.3.2004, bls. 50.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 25. september 2004 að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi borist sameiginlegu EES-nefndinni (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 24. september 2004.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður

Kjartan Jóhannsson

Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar

Ø. Hovdkinn

M. Brinkmann

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.